

Helgi Jóhannesson

Garðyrkjuráðunautur RML

## Spánarsnigill – óboðinn gráðugur gestur

Spánarsnigill, (*Arion lusitanicus*) sást hér fyrst með vissu árið 2003 og síðan hefur hans reglulega orðið vart víðs vegar um landið. Upprunaleg heimkynni hans eru á Íberíuskaganum, þ.e. vesturhluta Spánar, Portúgal og Suður-Frakklandi. Þar hefur hann ekki verið til vandræða enda loftslag heitt og þurr sem er fremur óhagstætt sniglum og náttúrulegir óvinir halda honum í skefjum. Sniglar eru sem kunnugt er fremur hægfara og þurfa að reiða sig á aðra ef þeir hyggja á langferðir. Slímug egg og örllitlir sniglar geta loðað við dýr og borist þannig milli staða en útbreiðsla hans norður eftir Evrópu er fyrst og fremst af mannavöldum. Upp úr 1960 varð hans vart nokkuð víða utan upprunalegra heimkynna, t.d. á Ítalíu og í Sviss. Með auknum milliríkjavíðskiptum á plöntum í pottum, hafa egg og sniglar tekið sér far sem laumufarþegar og dreifst víða. Árið 1975 sást spánarsnigill á Skáni í Svíþjóð, í Noregi árið 1988, og nú er hann útbreiddur um öll Norðurlönd, þar með talin Ísland og Færeyjar. Svalt og rakt loftslag í norðvestanverðri Evrópu virðist henta tegundinni vel og hefur hann náð að fjölga sér hratt þar sem hann hefur komið sér fyrir og hefur víða gert mikinn usla í görðum.

### Getur orðið allt að 15 cm langur

Spánarsnigillinn er auðþekktur af stærð sinni og rauðbrúnum lit. Hann getur orðið allt að 15 cm að lengd en er þó yfirleitt minni en það á norðurslóðum, en þó alltaf töluvert stærri en hérlendir sniglar. Hann myndar ekki kuðung og skilur eftir sig slímuga slóð þar sem hann fer um. Auðveldast er að koma auga á sniglana að kvöld- og næturlagi þar sem þeir fela sig oft í skugga yfir daginn.

### Verpir allt að 400 eggjum

Lífsferill spánarsnigla tekur eitt ár. Hann verpir eggjum síðsumars, eggin klekjast út og ungvíðið yfirvetrar undir laufblöðum eða öðrum einangruðum stöðum. Fullvöxnu dýrin drepast aftur á móti á haustin. Að vori skríða svo litlu sniglarnir úr fylgsnum sínum, éta sig stóra og feita, verpa eggjum og hringnum er lokað. Spánarsnigillinn er tvíkynja, hann tímgar sig með öðrum sniglum en getur líka frjóvgað sig sjálfur ef svo ber undir. Hann verpir við góðar aðstæður allt að 400 eggjum á varptímanum þannig að viðkoman getur orðið ansi mikil. Á hinum norðurlöndunum sveiflast fjöldi spánarsnigla nokkuð milli ára, minnst er af þeim þegar frýs vel á snjólausu jörð. Broddgeltir, krákur og froskar éta snigla og aðstoða við að halda þeim í skefjum, en þessi dýr eru jú sjaldséð hér og hjálpa okkur varla.

### Kvikindi sem eirir fáu

Spánarsnigillinn er gráðug alæta. Hann étur plöntur, plöntuleifar, ýmsan lífrænan úrgang, t.d. hundaskít og líka dauða og lifandi snigla. Efst á óskalistanum eru lyktsterkar plöntur, t.d. kryddjurtir og flaelisblóm. Skaðsemi spánarsnigilsins er ekki eingöngu fólgin í því að hann skemmir gróðurinn okkar og sóðar út með slím slóð sinni. Hann útrýmir líka öðrum sniglum þar sem hann nær fótfestu og raskar þannig náttúrulegu jafnvægi. Í Skandinavíu eru taldar líkur á að hann geti tímgast með skyldum þarlandum tegundum og jafvel myndað frjóa blendinga.

Af framansögðu er ljóst að við þurfum að takmarka útbreiðslu spánarsnigilsins eins og kostur er. Spánarsnigillinn berst oftast milli svæða af mannavöldum með plöntum en getur einnig borist með jarðvegi og hlutum sem komast í snertingu við jarðveg. Því þurfa plöntuframleiðendur og söluaðilar

að tryggja að söluvara þeirra sé laus við þennan skaðvald. Það er hægt að gera með reglubundnu eftirliti, hreinlæti og sóttþreinsun ræktunarsvæða milli ára. Verði plöntuframleiðendur/ plöntusalar varir við snigla í plöntunum ber þeim að farga þeim tafarlaust og gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til að hindra frekara smit.

### **Ráð til að stöðva spánarsnigilinn**

Verði almennir garðeigendur varir við spánarsnigla ættu þeir líka að reyna að hefta útbreiðslu þeirra. Sniglaeitur hefur einhverja virkni og virðist frekar duga á nýklakin dýr en fullorðin. Það ætti því frekar að nota síðsumars og á haustin. Áhrifaríkasta leiðin virðist þó vera að tína sniglana þegar þeir eru á ferli og farga þeim. Ekki dugar að höggva þá með verkfærum því þroskuð egg í búknum geta náð að klekjast út. Sniglar sækja í bjór (líka léttöl) og hægt er að útbúa gildirur með því að grafa niður ílát og hella í það bjór. Snigillinn skríður þá í bjórinn og drukknar. Einnig má lokka að snigla með því að skilja eftir sniglahræ, ávexti eða gæludýrafóður á skuggsælum stað og tína þá svo upp og farga þegar þeir mæta.

Þar sem spánarsnigillinn er nýbúi á Íslandi er óvíst hversu útbreiddur og alvarlegur skaðvaldur hann getur orðið. Frostkaldir vetur ættu að öllum líkindum að takmarka fjölda þeirra en við ættum þó af fremsta megni að takmarka útbreiðsluna. Með samstilltu átaki plöntuframleiðenda, plöntusala og garðeigenda ætti að vera hægt að stöðva frekari útbreiðslu og sjálfsagt að reyna að útrýma honum þó litlar líkur séu á að það takist.

### **Nánari upplýsingar**

Matvælastofnun og Umhverfisstofnun ætla að safna saman og miðla upplýsingum um spánarsnigil til þess að auðvelda bæði almennum garðeigendum og plöntuframleiðendum að glíma við þennan vágest.

Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar er að finna upplýsingar um spánarsnigla og þar er skorað á þá sem finna spánarsnigla að koma upplýsingum til stofnunarinnar til að hægt sé að kortleggja útbreiðslu tegundarinnar.

### **Helstu heimildir:**

Aarild Andersen 2009. *Iberiasnigill – biologi og bekjempelse*. Bioforsk fokus 4(2) 112-113, 2009.

María Ingimarsdóttir og Erling Ólafsson 2005. *Spánarsnigillinn finnst á Íslandi því miður*. Náttúrufræðingurinn 73 (3-4) bls. 75-78, 2005.